145. löggjafarþing 2015–2016.
Þingskjal 682 — 1. mál.
3. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2016.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (VigH, GÞÞ, ÁsmD, HarB, PJP, ValG).

	Breyting m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:	
1. Við **02-971 Ríkisútvarpið**	
a. 1.10 Ríkisútvarpið	175,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*175,0*
2. Við **06-841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
a. 1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	1.096,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.096,0*
3. Við **08-373 Landspítali**	
a. 5.60 Viðhald	250,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*250,0*
4. Við **08-401 Öldrunarstofnanir, almennt**	
a. 1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	1.000,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.000,0*
5. Við **09-721 Fjármagnstekjuskattur**	
a. 1.11 Fjármagnstekjuskattur	1.500,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*800,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*700,0*

Greinargerð.

Gerð er tillaga um tímabundið 175 millj. kr. framlag til Ríkisútvarpsins til eflingar framleiðslu á leiknu íslensku sjónvarpsefni og innlendri dagskrárgerð sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda.

Gerð er tillaga um 1.096 millj. kr. hækkun á fjárheimild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en breytingin er tvíþætt, annars vegar 1.445 hækkun vegna samkomulags um fjármögnun lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk, hins vegar 349 millj. kr. lækkun í samræmi við endurmat á tekjuáætlun ríkissjóðs.

Lögð er til 250 millj. kr. hækkun á framlagi til viðhalds á húsnæði Landspítalans.

Gerð er tillaga um 1.000 millj. kr. tímabundið framlag til að fjölga úrræðum fyrir sjúklinga, sérstaklega þá sem þurfa ekki nauðsynlega að dvelja á bráðalegudeildum Landspítalans.

Að auki er lögð til breyting vegna fjármagnstekjuskatts sem gjaldfærist hjá ríkissjóði vegna vaxtatekna en samsvarandi breyting er á tekjuhliðinni.

Nánari skýringar eru í nefndaráliti.